



„Gangurinn er nú einu sinni sá að maður verður að losa sig við myndirnar til að hægt sé að halda áfram...“

Þau áhrif komu sem setið hafa eftir í manni. Þetta eru bara áhrif þess sem var að gerast í kringum mann yfirleitt, og hræstast í einn graut. Og alls ekki var um nein bein áhrif frá kennurum í málverkinu. Það væri kannski helst að prófessorinn í grafíkinni, Palle Nielsen hefði haft einhver áhrif á mig. Á þessum tíma var það sem maður gerði afskaplega fálmkennt. Á meðan verið var að leita reyndi maður allt mögulegt. Og mér fannst um að gera að reyna sem flest. Á þessum árum var ákaflega mikið talað um að málverkið væri búið. Það væri búið að afgreiða málverkið í eitt skipti fyrir öll. Ég hef alltaf verið það hjartsýn á mennskjunna að aldrei sé hægt að afgreiða hlut, þakka honum endanlega niður. Annað mál er það, að auðvitað koma alltaf fram nýir hlutir. En málverkið hefur alltaf höfðað mikið til mín. Það er ekki svo gott að skilgreina af hverju. En þótt ég hafi reynt, og reyni enn öðru hverju eitt og annað, svo sem grafik, vatnsliti og teikningu, þá verður málverkið, ölla á striga, alltaf ofaná.“

Ekkert sældarlíf, en merjanlegt þó:

„Ég kom heim frá Höfn árið 1971. Þá fór ég strax að vinna að sýningu og síðan hefur þetta gengið svona — eins og það hefur gengið! Ég er ósköp sátt við það. Maður lifir engu sældarlífi, en getur marið þetta. Á meðan ég hef þetta góðan tíma til að

vinna að myndlistinni þá er ég ánægð. Ég var hræddust við það þegar ég kom heim að ég myndi þurfa að binda mig við mjög mikla kenndu eða aðra vinnu til þess að skrimta. Vonandi getur þetta haldið áfram svona. Nei, ég held ég selji ekkert dýrt. Að verðleggja myndirnar mínar er það leiðinlegasta sem ég geri. Eg enda oft með því að fá annað fólk til að gera það fyrir mig, og alla vega ber ég mig alltaf saman við verð hjá öðrum sem mér sýnist í svipaðri stöðu og ég er sjálf. En annars er það óskaplega erfitt að verðleggja myndlist.“

Tíminn og listin:

„Jú, mér finnst alltaf frekar slæmt að sjá á eftir myndunum mínum. Oft hugsa ég eftir á að það hefði nú verið gott að geta unnið myndina aðeins betur. En svo er líka gott að losna frá þessu. Gangurinn er nú einu sinni sá að maður verður að losa sig við myndirnar til að hægt sé að halda áfram. Það er mjög misjafnt hversu lengi mynd er í smíðum. Ég vinn mikið í smámyndum fyrst, skissum, sem ég

stækka upp í málverk eins og ég sagði áðan, og stundum finnst mér skissan ganga upp í málverkinu alveg um leið, en stundum gjörbreyttist myndin. Á sýningunni um páskana ætla ég að hafa þessar skissur með, til þess að fólk geti séð hvernig myndin byrjar og hvernig hún endar. Það ætti líka að skapa fjölbreytni í sýningunni. En ég er alltaf með margar myndir í

takinu í einu, hleyp úr einni í aðra, og þess vegna gerir maður sér ekki grein fyrir hversu mikill tími fer í hverja. Mér finnst líka mjög erfitt að vita hvenær á að stoppa. Hvenær maður er farinn að ofvinna myndina. Oft er það þannig að ég legg mynd til hliðar til að hvíla mig á henni, en kem svo ekkert að



Þorbjörg á kafi í skýssunum eða smámyndunum sem málverkin spreitta svo upp úr.

henni aftur þótt ég hafi ætlað mér það í upphafi. Yfirleitt finnst mér nauðsynlegt að gefa mér góðan tíma til að melta mynd.“

Allt á rétt á sér:

„Mér finnst ástandið hér í myndlistarmálunum alveg þolanlegt, og raunar er jarðvegurinn ótrúlega góður ef maður lítur á fjölda sýninga og aðsókn. Það er ekkert sérstakt sem pirrar mig eða þjakar. Mér finnst að alltaf sé rétt á sér. Og hér er nóg að gerast og ágætur grundvöllur fyrir fjölbreytni. Þótt alltaf megi tilgreina vissa hópa sem séu neikvæðir þá eru þeir ekki það sterkir að þeir skipti máli. Jú, ég fylgist alltaf vel með kritik um myndlist. En svo hefur maður sína eigin kritik, og fyrst ber maður þetta tvennt saman. Og auðvitað tek ég yfirleitt mest mark á minni eigin! Maður getur hins vegar haft afskaplega gott af slæmri kritik. Og jú jú, ég er ekki alltaf sátt við kritik sem ég fæ, en tel mig samt hafa virkilegt gagn af henni. Ég hugsa að kritikinn hér sé eins og góð og kritik er yfirleitt. Það er alltaf hægt að kritisera kritik. Og það er alltaf gert.“

Trú:

„Nei, ég held að það sé ekkert sérstakt sem hefur haft úrslitaáhrif á lífsviðhorf mín. Trúuð er ég ekki, nei, í venjulegum skilningi. Það hafa allir sína trú fyrir sig. Mín er sjálfsagt fyrst og fremst trú á lífið og manneskjuna, trú á mátt minn og megin.“

—AD

Grein þessi er í beinu framhaldi af þeim inngangi að umræðu um endurholdgunarkenninguna, sem birtist í síðasta Helgarblaði Vísis. Við munum nú íhuga nokkra mikilvæga punkta varðandi endurholdgun. Þar til fyrir tiltölulega stuttu var endurholdgunarkenningin víðurkennd og notuð af nærri öllum menningarþjóðum sem áreiðanlegur lykillað leyndardómum og kraftaverkum lífsins. Hinn forni gyðingdómur hafði í sér fólgnar meginreglur endurholdgunar sem algert undirstöðuatriði til alls skilnings. Hin frumkristna kirkja, og þar meðtalin Jesús og kenningar hans, höfðu að geyma endurholdgunarkenninguna sem vísindalegt, trúarlegt og siðfræðilegt alheimslögmál.

Vitborið fólk hefur uppgötvad að hinar fordómabundnu og ósanngjörnu árásir á endurholdgunarkenninguna af ýmsum höfundum trúarrita og sumum vísindamönnum voru til þess gerðar að taka frá mönnum hið eina stórkostlega svar allra spurninga þeirra og hið mikla ljós, sem gerir þeim kleift að eiga við dagleg vandamál þeirra og ná meistaráðmi og velgengni.

Köstum við frá okkur endurholdgunarkenningunni getum við ekki skilið réttilega marga hluti í hinni kristnu Biblíu og gyðinglegum helgiritum. Í hinni kristnu kirkju var endurholdgunarkenningin kennd í þeim hluta kenninganna, sem kallaður er „hinn minni leyndardómur“ (Lesser Mysteries). Og í Malachibók fjórða kafli, fimmta versu má lesa um Elíu og endurholdgun hans. Þá skiljum við líka hvað Jesús átti við eftir ummyndinina þegar hann sagði við Pétur, Jakob og Jóhannes: „En ég segi yður, að Elíu er nú þegar kominn, en þeir þekktu hann eigi.... Þá skildu lærisveinarinn að hann talaði við þá um Jóhannes skírara“ (Matteus 17.12-13).

Í Biblíu sem bókmenntum.

Lærisveinum Jesú höfðu verið kenndar meginreglur endurholdgunarkenningarinnar, því við finnum tilvitnanir í þessar kenningar víða um öll hin gömlu guðspjöll. Gyðingum var hún fullkomlega kunnug og Jesús sýndi sína aðráttarlausu víðurkenningu á henni. Það má sjá í mörgum ritningargreinum að Jesús þekkti dulspekilegar meginreglur lífsins sem var hin leynda viska, sem ekki var opinberuð almenningi að öllu leyti.


Við getum snúið okkur til hinna lotningarverðu Krishna, Pythagorasar, Plato, Appoloníusar, og þúsunda annarra sem skrifuðu um og kenndu endurholdgunarkenninguna. Meðal skálda má nefna: Dryden, Robert Browning, Walt Whitman, Edward Carpenter, Wordsworth, Hearn, og marga aðra, sem allir vitna til endurholdgunarkenningarinnar, sem staðfastrar og aðgengilegrar kenningar, sem á engan hátt dregur úr fegurð né sannleika neinna trúarkenninga í dag.

Þugið merkinguna í hinu frábæra ljóði Oliver Wendell Holmes, *The Chambered Nautilus*:

Build thee more stately mansions, O my soul,
As the swift seasons roll:
Leave thy low-vaulted past:
Let each new temple, nobler than the last,
Shut thee from heaven with a dome more vast,
Till thou at length art free,
Leaving thine outgrown shell by life's unresting sea:

(Lauslega snúið:
Reis þér, ó mín sál, æ veigameiri bústað,
meðan árstíðir hratt líða hjá:
Hverf frá þinni lág-hvelfðu fortíð:

Lát sérhvert nýtt musteri, göfugra hinu líbna,
loka þig frá himninum með víðari hvelfingu
Þar til að lokum frjáls þú skilur þá skel, sem þú hefur vaxið upp úr eftir við hafrótt lífsins).



ORKUMALIN: Þessar teikningar eru partur að myndröð sem Þorbjörg hefur í bígerð og segir að sé „hugleiðing ar um stöðuna í raforkumálum á Íslandi“.